

ÚTGÁFA 3.0
19.03.2018

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN
ALMANNAVARNA

Viðbragðsáætlun vegna sjóslysa-
hvalaskoðunarbáta og annara skipa á Skjálfanda



Ríkislögreglustjórinn
Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra
Almannavarnarnefnd Þingeyinga
Landhelgisgæsla Íslands

**Viðbragðsáætlun – hópslys á
Húsavík – hvalaskoðunarbátar
og önnur farþegaskip**

**Athugasemdir við áætlunina
skal senda til
almannavarnadeildar
ríkislögreglustjóra í netfangið
almannavarnir@logreglan.is**

EFNISYFIRLIT – KAFLASTKIPTI

1.0 INNGANGUR	5
2.0 STAÐHÆTTIR	6
2.1 SKJÁLFAFANDAFLOI OG HÚSAVÍKURHÖFN	6
2.2 HVALASKOÐUNARBÁTAR.....	6
2.5 HÚSNÆÐI OG MANNVIRKI SEM HAFNA HLUTVERKI AÐ GEGNA Í ÁÆTLUNINNI	7
3.0 SKILGREININGAR	8
3.1 VIRKJUN	8
3.6 AFBODUN	9
3.7 TENGL VÍÐBRAGÐSÁÆTLUNAR VEGNA FERJUSLYSS OG NEYÐARÁÆTLUNAR VEGNA HAFNARVERNDAR.....	9
3.8 SKAMMSTAFANIR	10
4.0 BOÐUN	11
4.1 ÓVISSUSTIG	11
4.2 HÆTTUSTIG.....	12
4.3 NEYÐARSTIG	13
5.0 STJÓRNKERFI	15
5.1 GRUNNEININGAR, HLUTVERK OG TENGINGAR STJÓRNKERFISINS.....	15
5.2 AÐGERÐASTJÓRN(AST)	16
5.3 VERKÞÁTTASKIPURIT FYRIR AÐGERÐASTJÓRN	17
5.4 VETTVANGSSTJÓRN (VST).....	18
5.5 VERKÞÁTTASTJÓRAR.....	19
5.6 VERKÞÁTTASKIPURIT FYRIR VETTVANGSSTJÓRN	20
5.7 SAMHÆFINGARSTÖÐIN(SST)	21
5.8 ÞÁTTUR LANDHELGISGÆSLUNNAR.....	21
5.9 HLUTVERK SAMGÖNGUSTOFU.....	21
5.10 FJÖLMIÐLAR	21
5.11 RANNSÓKN VETTVANGS	22
5.12 MENGUNARVARNIR	22
6.0 STARFSSVÆÐI	23
6.1 MÓTTÖKUSTAÐUR BJARGA (MÓT)	24
6.2 BIÐSVÆÐI Á VETTVANGI (BF, BH OG BTB)	25
6.4 SLYSSTAÐUR OG NÆSTA NÁGRENNI (SLY)	26
6.5 SÖFNUNARSVÆÐI SLASAÐRA (SSS)	27
6.6 SÖFNUNARSVÆÐI LÁTINNA (SSL).....	28
6.7 GÆSLUSTÖRF Á VETTVANGI.....	29
6.8 SÖFNUNARSVÆÐI AÐSTANDENDA (SSA)	30
6.9 FJÖLDAHJÁLPARSTÖÐ (FHS)	31
6.10 TALNING/SKRÁNING	32
7.0 STJÓRNKERFI UTAN HAFNAR	33
INNGANGUR.....	33
7.2 STAÐHÆTTIR	33
7.3 SKILGREININGAR	33
7.4 BOÐUN	33
7.5 STJÓRNUN	33
1.16 7.5.1 Uppbygging stjórnunar	33
1.17 7.5.2 Aðgerðastjórn – SJÓR.....	34
1.18 7.5.3 Vettvangsstjórn – LAND.....	34
1.19 7.5.4 Björgunarstjóri / vettvangsstjórn – SJÓR	34
1.20 7.5.5 Fjarlægð frá landi eykst.	34
7.6 FJARSKIPTI	34
7.7 STARFSSVÆÐI Í LANDI	34
7.8 RÖÐ AÐGERÐA.....	34
8.0 VERKEFNI VIÐBRAGÐSAÐILA	36
8.1 SKIPAÚTGERÐ/ REKSTRARAÐILAR HVALASKOÐUNARBÁTA	37
8.2 NEYÐARLÍNAN – 112.....	38
8.3 AÐGERÐASTJÓRN Á HÚSAVÍK.....	39

8.4	VETTVANGSSTJÓRN.....	40
8.5	SAMHÆFINGARSTÖÐIN	41
8.6	LÖGREGLAN NORÐURLADI EYSTRÁ Á HÚSAVÍK / AKUREYRI / ÞÓRSHÖFN.....	42
8.7	FJARSKIPTAMIÐSTÖÐ RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA.....	43
8.8	SLÖKKVILIÐ NORÐURÞINGS	44
8.9	SLÖKKVILIÐ ÞINGEYJARSVEITAR	45
8.10	SLÖKKVILIÐ LANGANESBYGGÐAR	46
8.11	SLÖKKVILIÐ Á AKUREYRI	47
8.12	HEILBRIGÐISSTOFNUN NORÐURLANDS.....	48
8.13	LANDSPÍTALINN	49
8.14	SAK.....	50
8.15	SVÆÐISSTJÓRN, SVÆÐI 12	51
8.16	BJÖRGUNARSVEITIN GARÐAR – HÚSAVÍK	52
8.17	HJÁLPASVEIT SKÁTA AÐALDAL	53
8.18	BJÖRGUNARSVEITIN STEFÁN – MÝVATNI	54
8.19	BJÖRGUNARSVEITIN NÚPAR	55
8.20	HJÁLPASVEIT SKÁTA REYKJADAL.....	56
8.21	BJÖRGUNARSVEITIN ÞINGEY	57
8.22	BJÖRGUNARSKIP – SIGLUFIRÐI	58
8.23	BJÖRGUNARSKIP – RAUFARHÖFN	59
8.24	BJÖRGUNARSVEITIR, SVÆÐI 11	60
8.25	SVÆÐISSTJÓRN, SVÆÐI 11	61
8.26	RAUÐI KROSS ÍSLANDS - ÞINGEYJARSÝSLUDEILD	62
8.27	RAUÐI KROSS ÍSLANDS – EYJAFJARÐARDEILD.....	63
8.28	RAUÐI KROSS ÍSLANDS – LANDSSKRIFSTOFA.....	64
8.29	BÆJARSTJÓRI EÐA STAÐGENGILL V/HAFNAR	65
8.30	KENNSLANEFND (ID-NEFND) RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA	66
8.31	RANNSÓKNARNEFND SAMGÖNGUSLYSA	67
8.33	HAFNARVÖRÐUR/VERNDARFULLTRÚI HAFNAR	68
8.34	SÉRSVEIT RÍKISLÖGREGLUSTJÓRANS	69
8.35	LANDHELGISGÆSLAN.....	70
8.37	SJÚKRABÍLAR HÚSAVÍK	71
8.38	SJÚKRABÍLAR FRÁ AKUREYRI	72
8.39	UMHVERFISSTOFNUN.....	73
9.0	FJARSKIPTI.....	74
9.1	GRUNNSKIPULAG FJARSKIPTA9.1 GRUNNSKIPULAG FJARSKIPTA	74
10.0	KORT	76
11.0	DREIFINGARLISTI	77
12.0	BREYTINGA SAGA.....	78
13. VIÐAUKAR.....		79
13.2	TALNINGABLAÐ	79

1.0 Inngangur

Viðbragðsáætlun vegna hópslyss á Húsavík – hvalaskoðunarbatar og önnur farþegaskip, segir fyrir um skipulag og stjórnun aðgerða í kjölfar sjóslyss á Skjálfandaflóa og/eða í höfninni á Húsavík. Viðbraðgsáætlunin er með sérstaka áherslu á viðbrögð við hópslysum um borð í hvalaskoðunarbátum og öðrum farþegaskipum sem sigla á þessum slóðum með mikinn fjölda farþega. Áætlunin er núna endurskoðuð og lægfærð af almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra í samvinnu við almannavarnanefnd Þingeyinga, Landhelgisgæslu Íslands, Samgöngustofa Íslands, Umhverfisstofnun og rekstraraðila hvalaskoðunarbáta. Allir viðbragðsaðilar og aðrir, sem nefndir eru í áætluninni, voru hafðir með í ráðum.

Markmið áætlunarinnar eru að tryggja skipulögð viðbrögð við sjóslysum í Húsavíkurhöfn og á Skjálfandaflóa allt að 12 sjómílum frá landi og að þolendum hópslyss berist öll nauðsynleg aðstoð á sem skemmstum tíma. Viðbragðsáætlunin er til leiðbeiningar um fyrstu viðbrögð en felur ekki í sér endanleg fyrirmæli. Þannig getur lögreglustjóri ákveðið breytta starfstilhögun með tilliti til ástands og aðstæðna hverju sinni.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra, í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjórans og Landhelgisgæsluna, bera ábyrgð á virkni áætlunarinnar og að hún sé æfð á 4. ára fresti. Þessir aðilar vinna saman að uppfærslum og lagfæringum á henni en ritstjórn er á ábyrgð almannavarnadeildar. Áætlunin skal uppfærð eftir þörfum og boðunarlista hjá Neyðarlínunni skal uppfæra eigi sjaldnar en árlega.

Allir sem tengjast áætluninni skulu taka saman verkáætlun með gátlistum um það hvernig þeir leysa þau verkefni sem þeim eru falin skv. 8. kafla. Uppfærsla gátlista er á ábyrgð viðkomandi starfseininga.

Áætlunin miðast við verkþáttaskipunir SÁBF vegna aðgerða á slysavettvangi.

Viðbragðsáætlun þessi er unnin samkvæmt lögum um almannavarnir nr. 82/2008.

Húsavík 19.03.2018



Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra



Almannavarnanefnd Þingeyinga



Ríkislögreglustjóri



Landhelgisgæsla Íslands

2.0 Staðhættir

2.1 Skjálfaflói og Húsavíkurhöfn

Staðsetning hafnarinnar: Höfnin er náttúrlegur vogur sem afmarkast af Bökugarði og Suðurgarði. Norðan við Bökugarð er ströndin klettótt en sunnan við Suðurgarð er malarfjara og hár fjörukambur.

Hafnarsvæðið: Skilgreint hafnarsvæði er austan línu sem hugsast dregin vestast úr Kaldbaksnefi í svonefndar Snásur á Húsavíkurhöfða. Mörk á landi eru brún sjávarbakka frá Kaldbaksnefi að vestan að Snásur á Húsavíkurhöfða að austan.

Helstu hafnarsvæði eru: Suðurgarður, Hafnarstétt, Norðurgarður og Bökugarður.

Landsvæði hafnarinnar skiptast í:

- Hafnarbakka og bryggjur.
- Farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
- Götur.
- Lóðir, iðnaðar- og baksvæði.
- Dráttarbraut og land tengt henni.

Til Húsavíkurhafnar telst ennfremur hafnarsvæði í Flatey á Skjálfa.

Bryggjur: Norðurgarður, Suðurgarður, Bökugarður, Þvergarður og Smábátabryggja.

Mannvirki: Slippur fyrir allt að 90 tonna skip.

Siglingaraðkoma: Siglingaraðkoma er jafnan greið og hindrunarlaus. Innsigling er 160m breið milli hafnargarða

Hnattstaða: Hnit Hafnarinnar eru skv. Admiralty sailing directions(arctic pilot volume 2) 66°03,00'N-017°21.0'W

Dýpi og lengd: Heildarlengd á bryggjum er 700m og þar af 125m þar sem dýpi er 10m. Almennt er dýpi hafnarinnar á milli 4,5 – 6,0 metrar. . Munur flóðs og fjöru er 1.2 m í stórstreymi en 0,6 m í smástreymi.

Almennar upplýsingar: Höfnin liggur á milli Húsavíkurhöfða og Kaldbaksnefs. Höfnin þjónustar helst sjávarútveg og ferðaþjónustu. Ferðaþjónustan gengur að mestu út á hvalaskoðun en einstaka skemmtiferðaskip láta sjá sig fyrir utan höfnina eða leggjast við akkeri utan við hana.

2.2 Hvalaskoðunarbátar

Bátur	Farþegafjöldi (Max)	Áhöfn	Samtals
Bjössi Sör	56	3-6	59-62
Garðar	146	4-6	150-152
Haukur	43	3-6	46-49
Hildur	50	3-6	53-56
Knörrin	46	3-6	49-52
Náttfari	90	3-6	93-96
Opal	65	4-6	69-71
Sæborg	70	2-6	72-76
Andvari	75	3-6	78-81
Sylvía	60	2	62
Faldur	45	2	47
Amma Sigga	18	2	20
Amma Kibba	26	2	28
Amma Sigga II	16	2	18
Amma Helga	26	2	28
Aþena	24	2	26
Fanney			
Kría	12	2	14
Kjóí	12	2	14

2.5 Húsnæði og mannvirki sem hafa hlutverki að gegna í áætluninni

Lögreglustöðin á Húsavík, Útgarði 1	Aðgerðastjórnstöð (AST)
Samkvæmt ákvörðun vettvangsstjóra	Vettvangsstjórn (VST)
Grunnskólinn	Fjöldhjálpastöð
Tækjageymsla við björgunarhús	Söfnunarsvæði látinna (SSL)
Grunnskólinn	Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA)
Íþróttahöll	Hvíldaraðstað hjálparliðs
Við hafnarvog	Biðsvæði tækja og búnaðar(BTB)
Björgunarsveitarhús neðri hæð	Söfnunarsvæði slasaðra (SSS)
Neðri íþróttavöllur	Lendingarstaður þyrllu
Flotbryggjur Gentle giants og Norðursiglingar	Lendingarstaður björgunarbáta
Bryggjur samkv. ákvörðun hafnarvarðar	Lendingarstaður björgunarbáta

3.0 Skilgreiningar

3.1 Virkjun

Viðbragðsáætlunina er hægt að virkja á þremur ólíkum háskastigum.

Forsendur virkjunar liggja í samráði Landhelgisgæslunnar og skipstjóra þess skips sem um ræðir **ef skip er statt utan skilgreinds hafnarsvæðis**. Þannig tilkynna þeir sem heimild hafa til að virkja áætlunina Neyðarlínunni um á hvaða háskastigi skuli virkja hana.

Þeir sem heimild hafa til að virkja áætlunina eru:

- Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra
- Almannaþingardeildar ríkislögreglustjóra
- Landhelgisgæsla Íslands

Þegar viðbragðsáætlunin hefur verið virkjuð vegna atviks innan hafnarsvæðis eru aðgerðir undir stjórn aðgerðastjórnar (AST) á viðkomandi svæði, en ef atvikið á sér stað utan hafnarsvæðis eru aðgerðir á sjó undir stjórn Landhelgisgæslunnar.

Einungis AST eða Landhelgisgæslan hafa heimild til þess að afboða eða breyta háskastigum eftir að viðbragðsáætlun hefur verið virkjuð. AST eða Landhelgisgæslan hafa samráð um afboðun eða breytingar á háskastigum.

3.2 ÓVISSUSTIG

Skilgreining:

Ástand þar sem óvissa ríkir um öryggi skips og þeirra sem um borð eru. Þegar skip hefur ekki komið fram á ákvörðunarstað eða hefur ekki tilkynnt sig. Viðbragðsaðilar eru upplýstir um stöðu mála og AST eða Landhelgisgæslan meta þörf á að hækka viðbúnaðarstig. Skip getur verið stöðvað innan eða utan við skilgreint hafnarvæði eða á strandstað (Dæmi: Bátur í vanda vegna vélabilunar en engin yfirvofandi fyrirsjáanleg hættu á ferðum).

Viðbrögð:

Tilteknir aðilar, sem skilgreindir eru í boðunargrunni Neyðarlínunnar 112, sinna verkskyldum samkvæmt áætlun þessari. (sjá kafla 4)

3.3 HÆTTUSTIG

Skilgreining:

Ástand þar sem ótti ríkir um öryggi skips og þeirra sem í því eru. Þegar tilraunir til að ná sambandi við skip hafa ekki borið árangur eða að upplýsingar hafa borist um takmarkaða sjóhæfni skips. Staðbundnar bjargir og bjargir á nærliggjandi svæðum eru settar í viðbragðsstöðu og miklar líkur eru á að bjargir þurfi að veita hjálp. Skip getur verið stöðvað utan sem innan við skilgreint hafnarvæði eða á strandstað (Dæmi: Bátur í vanda vegna vélarbilunar og hættu á að bátinn reki hratt í hættulegar aðstæður). AST eða LHG meta þörf á að hækka viðbúnaðarstig.

Viðbrögð:

Tilteknir aðilar, sem skilgreindir eru í boðunargrunni Neyðarlínunnar 112, sinna verkskyldum samkvæmt áætlun þessari. (sjá kafla 4)

3.4 NEYÐARSTIG

Skilgreining:

Ástand þar sem vitað er að skip er í alvarlegri, yfirvofandi hættu og þeir sem í því eru þarfnast tafarlausrar aðstoðar (Dæmi: Brunni um borð í skipi við land eða á hafnarlegu). Fjöldi farþega eða alvarleiki ástands kallar á skjót og óheft viðbrögð fyrirfram ákveðins hóps viðbragðsaðila samkvæmt umfangi slyss. Skipið er stöðvað innan skilgreinds hafnarvæðis eða á strandstað.

Viðbrögð:

Tilteknir aðilar sem skilgreindir eru í boðunargrunni Neyðarlínunnar 112, sinna verkskyldum samkvæmt áætlun þessari. (sjá kafla 4)

3.6 Afboðun

AST eða Landhelgisgæslan, tilkynna afboðunina eða breytingu til Neyðarlínu sem sér um framkvæmd hennar og sendir tilkynningu þar um. AST tilkynnir auk þess um afboðun á viðeigandi fjarskiptum til þeirra viðbragðsaðila sem hafa verið virkjaðir.

3.7 Tengsl viðbragðsáætlunar vegna ferjuslyss og neyðaráætlunar vegna hafnarverndar.

Þegar um sprengjuhótun eða vopnamál er að ræða um borð í ferju eða farþegaskipi og neyðaráætlun vegna Siglingaverndar er virkjuð tekur aðgerðarstjóri á viðkomandi svæði ákvörðun um virkjun viðbragðsáætlunar samhliða neyðaráætlun. Ef sprengja springur eða aðrar orsakir leiða til þess að viðkomandi skip lendir í hásku, tekur neyðarstig viðbragðsáætlunar vegna sjóslyss þegar gildi og AST tekur við stjórn aðgerða nema líkur séu taldar á því að hinum meintu ólögsmætu athæfum gegn skipinu og farþegum þess sé ekki lokið.

3.8 Skammstafanir

AHS	Aðhlyningarstjóri
AST	Aðgerðastjórn /-stjóri
AVN/Av-nefnd	Almannavarnanefnd
BF	Biðsvæði flutningstækja
BH	Biðsvæði hjálparliðs
BTB	Biðsvæði tækja og búnaðar
ETA	Áætlaður komutími (Esteimated Time of Arrival)
ETD	Áætlaður brottfarartími (Esteimated Time of Departure)
F	Verkþátturinn Flutningar
SAk	Sjúkrahúsið á Akureyri
HSN	Heilbrigðisstofnun Norðurlands
G	Verkþátturinn Gæslustörf
IL	Innri lokun
Isavia	Isavia, rekstraraðili flugvalla og flugleiðsöguþjónustu á Íslandi
JRCC	Joint Rescue Coordination Centre
L og B	Verkþátturinn Leit og björgun
LRH	Lögreglan á Höfuðborgarsvæðinu
LSH	Landspítali
LP	Lendingarsvæði fyrir þyrlur
Mhz	Megahertz (fjarSKIPTATIÐNIR)
MÓT	Móttökustaður fyrir bjargir
OACC	Flugstjórnarmiðstöðin (Oceanic Area Control Center)
RKÍ	Rauði kross Íslands
RNS	Rannsóknarnefnd samgönguslysa
S og F	Verkþátturinn Sjúkra- og fjöldahjálp
SÁBF	Stjórnun – Áætlun – Bjargir - Framkvæmd
SLY	Slysstaður / slysavettvangur
SSA	Söfnunarsvæði aðstandenda
SSL	Söfnunarsvæði látinna
SSS	Söfnunarsvæði slasaðra
SST	Samhæfingarstöðin
TWR	Flugturn: bygging, starfstöð flugumferðarþjónustu ýmist flugturns eða flugupplýsingaþjónustu
VHF	Very High Frequency
VST	Vettvangsstjórn / -stjóri
VPS	Verkþáttastjórar
YL	Ytri lokun

4.0 Boðun

4.1 Óvissustig

Neyðarlína 112 boðar:

AST

SST

Almannavarnardeild Ríkislögreglustjórans

Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjórans

Hafnarstjóri/Bæjarstjóri/Verndarfulltrúi hafnar

Heilbrigðisstofnun Norðurlands

SAk

Landhelgisgæsluna - stjórnstöð/JRCC

Lögregluna Norðurlandi eystra á Húsavík/Þórshöfn/Akureyri

Rauði kross Íslands - Þingeyjarsýsludeild

Slökkvilið Norðurþings

Slökkvilið Þingeyjarsveitar

Slökkvilið Langanesbyggðar

Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 12

Í kafla 8 eru tilgreind hlutverk hvers aðila í áætluninni.

4.2 Hættustig**Neyðarlína 112 boðar:**

AST

SST

Almannavarnardeild Ríkislögreglustjórans

Björgunarsveitin Garðar Húsavík

Björgunarsveitin Stefán

Björgunarsveitin Hafliði

Björgunarsveitin Þingey

Björgunarsveitin Núpar

Björgunarsveitin Pólstjarnan

Hjálparsveit skáta Aðaldal

Hjálparsveit skáta Reykjadal

Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjórans

Hafnarstjóra/Bæjarstjóra/Verndarfulltrúa hafnar

Heilbrigðisstofnun Norðurlands

SAk Akureyri

LSH – Landspítala Háskólasjúkrahús

Sjúkrabíla á Húsavík

Landhelgisgæsluna stjórnstöð /JRCC

Lögregluna Norðurlandi eystra á Húsavík/Þórshöfn/Akureyri

Rannsóknarnefnd samgönguslysaslysa

Rauði kross Íslands - Þingeyjarsýsludeild

Rauði kross Íslands - Eyjafjarðardeild

Rauði kross Íslands - Landsskrifstofa

Slökkvilið Norðurþings

Slökkvilið Þingeyjarsveitar

Slökkvilið Langanesbyggðar

Slökkviliðið á Akureyri

Björgunarskip Siglufirði

Björgunarskip Raufarhöfn

Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 12

Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 11

Í kafla 8 eru tilgreind hlutverk hvers aðila í áætluninni.

4.3 Neyðarstig**Neyðarlína 112 boðar:**

AST

SST

Almannavarnardeild Ríkislögreglustjórans

Björgunarsveitin Garðar Húsavík

Björgunarsveitin Stefán

Björgunarsveitin Hafliði

Björgunarsveitin Þingey

Björgunarsveitin Núpar

Björgunarsveitin Pólstjarnan

Hjálparsveit skáta Aðaldal

Hjálparsveit skáta Reykjadal

Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjórans

Hafnarstjóra/Bæjarstjóra/Verndarfulltrúa hafnar

Heilbrigðisstofnun Norðurlands

SAk Akureyri

LSH – Landspítala Háskólasjúkrahús

Sjúkrabíla á Húsavík

Landhelgisgæsluna stjórnstöð /JRCC

Lögregluna Norðurlandi eystra á Húsavík/Þórshöfn/Akureyri

Rannsóknarnefnd samgönguslysaslysa

Rauði kross Íslands - Þingeyjarsýsludeild

Rauði kross Íslands - Eyjafjarðardeild

Rauði kross Íslands - Landsskrifstofa

Slökkvilið Norðurþings

Slökkvilið Þingeyjarsveitar

Slökkvilið Langanesbyggðar

Slökkviliðið á Akureyri

Björgunarskip Siglufirði

Björgunarskip Raufarhöfn

Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 12

Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 11

Sérsvait ríkislögreglustjóra

Bjargir utan umdæmis.**Valdar bjargir kallaðar út samkvæmt neðangreindum lista eftir ákvörðun AST.**

Rannsóknarnefnd umferðarslysa, flugslysa eða sjóslysa

Flugstjórnarmiðstöðina í Reykjavík (ACC)

Kennslanefnd ríkislögreglustjórans

Vegagerðin

Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins (kafarar)

Í kafla 8 eru tilgreind hlutverk hvers aðila í áætluninni

5.0 Stjórnkerfi

5.1 Grunneiningar, hlutverk og tengingar stjórnkerfisins

Aðgerðastjórn

AST

Hlutverk:

Yfirstjórn og samhæfing aðgerða innan umdæmis

Bakland vettvangsstjórnar

Tenging við viðbragðsaðila:

Allar starfseiningar innan umdæmis sem eru ekki starfandi á vettvangi

Samhæfingarstöðin

SST

Hlutverk:

Yfirstjórn á aðstoð milli umdæma og aðstoð ríkisstofnana

Flutningur slasaðra milli umdæma

Bakland aðgerðastjórnar

Samhæfing á landsvísu

Tenging við viðbragðsaðila:

Allar bjargir á landinu sem eru starfandi utan umdæmis áfallsins

Ríkisstofnanir

Erlendar bjargir

Vettvangsstjórn

VST

Hlutverk:

Yfirstjórn og samhæfing aðgerða á vettvangi

Bakland verkþáttastjóra

Tenging við viðbragðsaðila:

Allar starfseiningar við störf á vettvangi

Björgunarstjóri

Aðhlyningarstjóri

Gæslustjóri

Flutningastjóri

Undirstjórnandi

Undirstjórnandi

Undirstjórnandi

Undirstjórnandi

5.2 Aðgerðastjórn(AST)

Stjórn aðgerða í héraði þegar almannavarnaástand ríkir er í höndum lögreglustjóra í viðkomandi lögregluumdæmi. Lögreglustjóri eða fulltrúi hans situr í AST ásamt fulltrúa almannavarnanefndar, fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, fulltrúa Rauða kross Íslands, hlutaðeigandi viðbragðsaðila, sbr. viðbragðsáætlun, svo og öðrum hlutaðeigandi aðilum sem tengjast aðgerðum hverju sinni. AST starfar í samvinnu við SST. Í stjórn aðgerða felst m.a. skipulag björgunar- og hjálparstarfa vegna hættu eða tjóns sem getur eða hefur skapast og að stýra neyðaraðgerðum í samvinnu við SST.

Lögreglustjóri tilnefnir vettvangsstjóra er fari með stjórn og samhæfingu á vettvangi. Landhelgisgæslan tilnefnir vettvangsstjóra ef slysavettvangur er á sjó utan hafnarsvæðis.

AST er skipuð:

- Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra eða þeim sem hann tilnefnir - **aðgerðastjóri**
- Hafnarstjóranum eða fulltrúa hans
- Lögreglan
- Slökkviliðsstjóranum á Húsavík eða staðgengli hans
- Fulltrúa svæðisstjórnar björgunarsveita á svæði 12
- Fulltrúa Rauða kross deildar Þingeyjarsýslu
- Fulltrúa frá Heilbrigðisstofnun Norðurlands
- Eftir atvikum fulltrúa frá Landhelgisgæslunni

AST skal huga að starfsliði til að sinna eftirtöldum verkefnum:

- Símsvörun
- Skráningu og almennri ritvinnslu og meðferð upplýsinga
- Fjarskiptum
- Umboðsmaður skipafélags skal skipa tengilið hjá AST

Helstu verkefni AST:

- Stjórn, samhæfing og forgangsöröðun heildaraðgerða innan aðgerðasvæðisins
- Endurmat á háskastigi og umfangi
- Samskipti við VST
- Samskipti við SST
- Virkjun starfseininga innan umdæmisins, umfram áætlun þessa
- Sjá um heildarskipulag fjarskipta og annarra samskipta innan aðgerðasvæðisins
- Hafa samskipti við sjúkrastofnanir innan aðgerðasvæðisins
- Hafa samskipti við SST
- Hafa samskipti við fjölmiðla (sjá 5.8)
- Hafa samskipti við söfnunarsvæði aðstandenda(SSA)
- Tryggja, í samráði við skipafélag, að farþegalisti sé réttur
- Upplýsa starfsfólk á hafnarsvæði
- Tryggja aðkomu kennslanefndar
- Yfirfæra vettvanginn til Rannsóknarnefndar sjóslysa og lögreglu við lok aðgerða
- Vinna samkvæmt verkþáttaskipuritinu fyrir AST


Aðsetur AST:

Aðalaðsetur: Lögreglustöðin á Húsavík

Varaaðsetur: Samkvæmt ákvörðun Aðgerðarstjóra



5.3 Verkbáttaskipurit fyrir aðgerðastjórn



Verkaskipting er samkvæmt verkþáttaskipuriti fyrir AST. Aðgerðastjóri getur breytt verkaskiptingu ef hann telur þörf á.

5.4 Vettvangsstjórn (VST)

Stjórn og samhæfing á vettvangi er í höndum vettvangsstjóra sem er tilnefndur af lögreglustjóra eða Landhelgisgæslu ef slysavttvangur er á sjó utan skilgreinds hafnar svæðis og utan 12 sjómílna frá landi. Vettvangsstjóri kemur að jafnaði úr röðum lögreglunnar. Hann skal hafa þjálfun og reynslu af vettvangsstjórn. Ef slysavttvangur er á sjó er vettvangsstjóri valinn samkvæmt mati Landhelgisgæslunnar.

VST vegna hópslyss á hvalaskoðunarbátum er skipuð fulltrúum frá:

- Lögreglu
- Slökkviliði Norðurþings
- Svæðisstjórn björgunarsveita - svæði 12
- Hafnarverði eða fulltrúa hans

Vettvangsstjóri skal skipta verkefnum milli aðila í VST eftir aðstæðum hverju sinni.

VST skal skipa fólk í skráningu, fjarskipti og önnur störf eftir þörfum.

Mikilvæg verkefni VST:

- Heildarstjórn og samhæfing aðgerða á vettvangi í samræmi við verkþáttaskipunir SÁBF skv. umboði lögreglustjóra
- Sá sem er skipaður í *Framkvæmd* skal vera í fjarskiptasambandi við verkþáttastjórana (sjá næsta kafla) og helst vera hreyfanlegur (hafa bíl til umráða til þess að fara á milli vettvangsstjórnarinnar og hinna ýmsu starfssvæða)
- Skipulagning fjarskipta á vettvangi
- Að tryggja fjarskipti við AST

Aðsetur VST:

Aðsetur: Samkvæmt ákvörðun vettvangsstjóra
Utan hafnar: Samkvæmt ákvörðun vettvangsstjóra

5.5 Verkpáttastjórar

Á hverju starfssvæði og við hvern verkpátt starfa margar verkeiningar eða starfsstéttir. Nauðsynlegt er að samhæfa störf þeirra og er það hlutverk verkpáttastjóranna, en þeir eru millistjórnendur sem stýra og samhæfa verkþætti á vettvangi í umboði vettvangsstjóra.

Verkpáttastjórar	Aðilar sem skipa verkpáttastjóra	Vinnusvæði
Björgunarstjóri	Slökkvilið/björgunarsveit	Við slysstað
Aðhlyningarstjóri	Heilbrigðisstofnun	Við söfnunarsvæðin
Gæslustjóri	Lögreglan	Hreyfanlegur eftir þörfum
Flutningastjóri	Björgunarsveitin Garðar	Hreyfanlegur eftir þörfum

Fyrstu verk allra verkpáttastjóra eru að:

- Hafa samband við VST og fá fyrirmæli.
- Fá yfirsýn yfir bjargir (mannskap og tæki) sem koma og meta hvort þær nægja.
- Skipa sér undirstjórnendur, aðstoðarmenn og útdeila verkefnum.

Björgunarstjóri stjórnar og samhæfir starfsemi í eða við skip/bryggju, þ.á.m. slökkvistörf, björgun úr skipi, burð slasaðra frá skipi/bryggju að bráðaflokkunarsvæði og bráðaflokkun. Hann skal jafnframt:

- Ákveða bráðaflokkunarsvæði í öruggri fjarlægð frá slysstað.
- Tryggja fjarskipti frá slysstað til vettvangsstjóra og að SSS.
- Staðfesta við VST fjölda þolenda um borð í skipinu.
- Fylgjast með talningu þolenda skv. bráðaflokkun á slysstað.
- Setja fólk í hleðslu sjúkrabíla og annarra sjúkraflutningstækja.

Aðhlyningarstjóri stjórnar og samhæfir starfsemi á SSS. Fyrsta verk aðhlyningarstjóra er að undirbúa móttöku á þolendum frá slysstað. Hann skal jafnframt:

- Undirbúa söfnunarsvæði slasaðra fyrir móttöku slasaðra SSS.
- Setja upp áverkamatssvæði fyrir framan SSS.
- Setja fólk í skráningu við áverkamat.
- Tryggja fjarskiptasamband við slysstað, greiningarsveit.
- Tryggja fjarskipti við fulltrúa heilbrigðismála í AST og SST.


Gæslustjóri stjórnar og samhæfir umferðarstjórn á vettvangi og verndun og gæslu allra starfssvæða á vettvangi. Hann skal jafnframt:

- Setja upp innri lokun við slysstað.
- Tryggja að fyrirfram ákveðnir lokunarpóstar séu uppsettir.
- Ræða við vettvangsstjórn um þörf á umferðarstjórnun og framkvæmd hennar.
- Setja upp SSL.
- Umsjón með talningu þolenda og setja upp skipulag fyrir talningu.
- Vernda starfssvæði, eftir því sem þess er óskað.
- Vernda vettvang þar til afhending til RNS hefur farið fram.
- Skipulag akstursleiða.

Flutningastjóri stjórnar og samhæfir starfsemi á móttökustað, biðsvæðum og nýtingu flutningatækja. Hann hefur umsjón með framkvæmd sjúkraflutninga og flutningi á óslösuðum. Hann skal jafnframt:

- Skrá inn allar bjargir og hafa yfirsýn yfir þær.
- Ræða við VST um flutningsþörf og flutningsleiðir.
- Útvega bíla í flutninga frá slysstað til söfnunarsvæða.
- Gæslustjóri veitir upplýsingar um aksturleiðir.

5.6 Verkbáttaskipurit fyrir vettvangsstjórn



5.7 Samhæfingarstöðin(SST)

- Halda uppi virku sambandi við AST.
- Skipuleggja stuðning við AST og útvega bjargir utan umdæmis skv. beiðni hverju sinni.
- Skipuleggja og stjórna flutningi slasaðra milli umdæma.
- Sjá um heildarsamræmingu aðgerða á milli umdæma, sem m.a. felst í að halda uppi virku sambandi við:
 - höfuðstöðvar þeirra viðbragðsaðila sem eru við störf.
 - þær fjöldahjálparstöðvar sem virkjaðar eru utan umdæmis.
 - þau sjúkrahús sem taka á móti slösuðum.
 - þær ríkisstofnanir sem veita aðstoð.
 - erlendar björgunarmiðstöðvar, eftir þörfum.

5.8 Þáttur Landhelgisgæslunnar

Fulltrúar Landhelgisgæslunnar eru í SST og hlutverk þeirra eru:

- Sérfræðiráðgjöf varðandi björgun á sjó
- Tæknileg stjórn ef atvik er utan skilgreinds hafnarsvæðis
- Starfa með stjórnanda í SST ef atvik er innan skilgreinds hafnarsvæðis eða á strandstað
- Halda uppi virku sambandi við: Erlendar sjóbjörgunarmiðstövar

5.9 Hlutverk Samgöngustofu

Fulltrúar frá Samgöngustofu eru í SST og hlutverk þeirra eru:

- Sér um tengsl við útgerðaaðila
- Sér um tengsl við fánaríki skips
- eru tengiliðir við verndarfulltrúa hafna

5.10 Fjölmiðlar

Hverjir sinna þeim.

Fjórar meginstarfseiningar koma að samskiptum við fjölmiðla.

- Lögreglustjóri / AST (stjórnandi aðgerðarinnar)
- Útgerð skips (eigandi skips)
- Landhelgisgæslan
- SST (samhæfing aðgerða)

Fulltrúar þessara fjögurra aðila / starfseininga skulu hafa samráð vegna samskipta við fjölmiðla meðan á aðgerðinni stendur og hugsanlega eftir að henni lýkur.

Að jafnaði getur SST aðstoðað lögreglustjóra / AST í samskiptum við fjölmiðla, fyrst eftir að aðgerðir hefjast og lengur ef óskað er.

Fjölmiðlamönnum sem mæta á vettvang skal vísað á öruggan stað, samkvæmt ákvörðun vettvangsstjóra, þar sem þeir fá upplýsingar og bíða þess að komast að slysstað.

Helstu verkefni:

- Eins fljótt og auðið er skal senda fréttatilkynningu til fjölmiðla og síðan reglulega eftir því sem þurfa þykir.
- Tilnefna skal einn tengilið við fjölmiðla.
- Eftir atvikum senda út upplýsingar um stöðu mála.
- Sé þess kostur skal ákvarða stað þangað sem fjölmiðlar geta komið og fengið upplýsingar.

Aðgengi að vettvangi:

Lögreglustjóri tekur ákvörðun um aðgengi fjölmiðla að vettvangi meðan á björgunaraðgerðum og rannsóknarvinnu stendur. Tryggt skal að aðkoma fjölmiðla trúfli ekki aðgerðir og að öllum hlutaðeigandi aðilum sé tryggð fyllsta nærgætni.

Upplýsingar um afdrif þolenda:

Upplýsingar um afdrif þeirra, sem lenda í hópslysi, eru á ábyrgð lögreglustjóra og skulu ekki veittar fjölmiðlum nema með vitund og samþykki eftirtalinna eftir því sem við á:

- Lögreglustjóra
- Samhæfingarstöðvarinnar

5.11 Rannsókn vettvangs

Mikilvægt er að allir, sem starfa á vettvangi, gæti þess að spilla ekki ummerkjum vegna rannsókna.

Rannsókn vettvangs er tvíþætt. Annars vegar er rannsókn Rannsóknarnefndar samgönguslysa sem lýtur að því að upplýsa orsök slyssins. Hins vegar er rannsókn lögreglunnar, sem lýtur að því að upplýsa hvort um refsvert athæfi geti verið að ræða.

- Rannsókn getur hafist samhliða björgunaraðgerðum.
- Rannsóknarnefndi samgönguslysa og rannsóknarmenn lögreglu skulu setja sig í samband við VST.
- VST afhentir vettvang til lögreglu þegar björgunaraðgerðum er lokið.
- Mengunarvarnarstörf geta hafist samhliða björgunaraðgerðum og rannsókn á vettvangi í samráði við VST ef aðstæður leyfa.
- Eiganda skips er í samráði við hafnaryfirvöld og Umhverfisstofnun heimilt að fjarlægja skipsflak, eftir að RNS og lögregla hafa lokið störfum og gefið heimild til þess.

5.12 Mengunarvarnir

Svæðisráð vegna bráðamengunar er Umhverfisstofnun til ráðgjafar um aðgerðir vegna bráðamengunar og hluverk þess er að fara á vettvang og meta aðstæður eftir að mengun hefur orðið. Sé talið að mönnum geti stafað hættu af menguninni ber að tilkynna landlækni það tafarlaust.

Bráðamengun: Mengun hafs og stranda sem verður skyndilega og krefst tafarlausra aðgerða.

Mengun innan hafnarsvæða:

Hafnarstjóri ber ábyrgð á og annast aðgerðir vegna mengunar innan hafnarsvæðisins. Hafnarstjóra ber að tilkynna Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefnd um bráðamengun strax og vart verður við hana. Heilbrigðisfulltrúi, í umboði heilbrigðisnefndar, hefur eftirlit með hreinsunaraðgerðum og ákveður í samráði við Umhverfisstofnun hvenær árangur af hreinsun er nægur. Hafnarstjóri getur kallað eftir aðstoð Umhverfisstofnunar telji hann ástæðu til.

Mengun utan hafnarsvæða:

Hlutaðeigandi heilbrigðisfulltrúi skal í umboði Umhverfisstofnunar fara á vettvang og meta umfang bráðamengunar og nauðsynlegar aðgerðir og tilkynna Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að aðgerðir gegn bráðamengun hefjist og annast stjórn þeirra mála á vettvangi. Umhverfisstofnun er heimilt að fela heilbrigðisnefnd umsjón með aðgerðum.

Landhelgisgæslan:

Landhelgisgæslunni er heimilt að grípa til íhlutunar og gera þær ráðstafanir sem taldar eru nauðsynlegar til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu sem hafi eða ströndum stafar af bráðamengun. Í íhlutun felst m.a. yfirtaka á stjórn skips sé fyrirmælum Landhelgisgæslunnar ekki fylgt. Eftir því sem unnt er og þörf krefur skal Landhelgisgæslan hafa samráð við Umhverfisstofnun og hafnarstjóra þegar gripið er til íhlutunar.

Eigandi skips:

Heimilt er að fela mengunarvaldinum sjálfum framkvæmd hreinsunar hafi skrifleg áætlun um slíkt verið lögð fram. Hafi skip strandað þannig að því verði ekki komið á flot ber eiganda að fjarlægja það sem fyrst.

Aðgerðir:

Aðgerðir vegna mengunar geta hafist samhliða björgunaraðgerðum og vettvangsrannsókn í samráði við VST, lögreglu, Landhelgisgæslu og UST.

6.0 Starfssvæði

Í þessum kafla er fjallað um starfssvæðin sem þarf að skipuleggja þegar tekist er á við hópslys. Það er ljóst að ef ekki er um að ræða slys, þar sem margir eru slasaðir, mun ekki verða þörf á að virkja öll starfssvæðin. Engu að síður þarf að gera ráð fyrir þeim í skipulaginu og frekar að virkja þau frá upphafi og síðan að loka þeim ef ekki reynist þörf fyrir þau en að ætla að ákveða í miðri aðgerð hvað á að virkja og hvað ekki.

Einnig er hér fjallað um verkefni og lokanir sem ekki er hægt að setja niður sem ákveðið starfssvæði.

Starfssvæðum má skipta í tvo megin flokka. Söfnunarsvæði, sem ætluð eru þolendum óhappsins, og biðsvæði sem ætluð eru þeim björgum er bíða eftir verkefnum eða hafa lokið sínum verkefnum og bíða eftir því að vera leystar frá störfum. Um nánari skilgreiningar á starfssvæðum og verkefnum, sem nefnd eru í þessum kafla, vísast til vettvangsstjórnarheftis almannavarna.

Söfnunarsvæði fyrir þolendur

Söfnunarsvæði slasaðra (SSS)

Söfnunarsvæði látinna (SSL)

Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA)

Fjöldahjálparstöð (FHS)

Biðsvæði fyrir bjargir

Biðsvæði hjálparliðs (BH)

Biðsvæði tækja & búnaðar (BTB)

Móttaka bjarga (MÓT)

6.1 Móttökustaður bjarga (MÓT)

Starfsemi: Staður þar sem bjargar tilkynna sig til skráningar inn á svæðið í verkefni, ýmist með því að mæta á staðinn eða tilkynna sig í gegnum fjarskipti og fá staðfestingu á ákvörðunarstað.

Staðsetning land:

- 1) Á plani við hafnarvog
- 2) Annað eftir ákvörðun VST í samráði við flutningastjóra.
- 3) Lendingarsvæði þyrlu á neðri íþróttavelli.

Staðsetning sjór: 1) Samkvæmt ákvörðun VST á sjó

Verkþáttastjóri: Flutningastjóri

Hverjir sinna: Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 12

Verkefni og verkaskipting

Skráning allra bjarga, tegund sveitar, stærð og kallmerki: Svæðisstjórn björgunarsveita og FMR

Staðfesting á hvert hver verkeining skal fara til starfa: Svæðisstjórn björgunarsveita

Upplýsa bjargar um varðaðar akstursleiðir: Lögregla


Kortatákn:

Móttökustaður

MÓT

Lendingarsvæði þyrlu

LP



N 66°02,977 – V 17°20,618



6.2 Biðsvæði á vettvangi (BF, BH og BTB)

Starfsemi:	Staðir sem bjargir bíða frekari fyrirmæla eða á meðan þær eru í hvíld. Þaðan eru bjargir sendar í verkefni samkvæmt fyrirmælum frá VST. Halda þarf skrá um allar bjargir í samvinnu við MÓT . Biðsvæði geta verið innan eða utan við ytri lokun (innri- eða ytri- biðsvæði).
Staðsetning land:	1) Íþróttahöllin 2) Annað eftir ákvörðun VST í samráði við flutningastjóra.
Staðsetning sjór:	Eftir ákvörðun VST á sjó
Verkbáttastjóri:	Flutningastjóri
Hverjir sinna:	Lögreglan Svæðisstjórn björgunarsveita svæði 12

Verkefni og verkaskipting:

Umsjón og eftirlit með hjálparliði á biðsvæði	Lögregla / björgunarsveitir
Virkjun hjálparliðs til verkefna skv. beiðni	Lögregla / björgunarsveitir
Skráning flutningatækja og flutningsgetu	Lögregla / björgunarsveitir
Umsjón og eftirlit virkjun flutningatækja til verkefna	Lögregla / björgunarsveitir
Skráning tækja og búnaðar á biðsvæði	Lögregla / björgunarsveitir
Sending tækja og / eða búnaðar skv. beiðni	Lögregla / björgunarsveitir

Kortatákn:	Biðsvæði Flutningstækja	Biðsvæði hjalparliðs	Biðsvæði tækja og búnaðar
	BF	BH	BTB



6.4 Slysstaður og næsta nágrenni (SLY)

Starfsemi: Björgun fólks úr hættu, bráðaflokkun, umönnun og undirbúningur fyrir flutning á SSS til áverkamats, slökkvistörf og eldvarnir, mengunarvarnir, leit umhverfis flakið og hreinsunarstörf.

Staðsetning land: Bryggja þar sem skipinu er lagt að og skipið sjálft, næsta nágrenni. Afmarkast oft af innri lokun.

Staðsetning sjór: Þar sem skipið er statt.

Verkbáttastjóri: **Björgunarstjóri**

Hverjir sinna: Slökkvilið Norðurþings
Starfsmenn hafnarinnar
Slökkvilið Þingeyjarsveitar
Slökkvilið Langanesbyggðar
Lögreglan
Greiningarsveit HSN
Aðrar greiningarsveitir s.s. frá LHS og SAK
Björgunarveitir

Rannsókn getur farið fram samhliða björgunarstarfi (sjá kafla 5.12). Rannsóknin er í höndum RNS, lögreglu, kennslanefndar ríkislögreglustjórans (ID-nefnd) og Landhelgisgæslu ef við á.

Verkefni og verkaskipting

Slökkvistörf, eld- og mengunarvarnir	Slökkvilið/LHG
Lífsgjafi aðstoð	Slökkvilið/greiningarsveitir/sjúkraflutningslið/björgunarveitir
Björgun úr flaki	Slökkvilið / björgunarveitir/LHG
Burður slasaðra frá flaki	Slökkvilið / björgunarveitir/LHG
Leit umhverfis flakið	Björgunarveitir/Lögreglan/LHG
Hreinsunarstörf	Slökkvilið/LHG
Bráðaflokkun	Yfirmaðurgreiningarsveitar/sjúkraflutningslið/björgunarveitir
Umönnun þolenda	Sjúkraflutningslið/björgunarveitir/RKÍ
Undirbúningur fyrir flutning á SSS	Sjúkraflutningslið/björgunarveitir
Flutningur slasaðra til SSS.	Sjúkraflutningslið/björgunarveitir/LHG

Þar starfa einnig RNS og rannsóknarlögregla. Þessir aðilar fylgja sérstakri áætlun um rannsókn svæðisins og falla ekki undir stjórn björgunarstjóra.

Kortatákn:



6.5 Söfnunarsvæði slasaðra (SSS)

Starfsemi: Staður sem þolendum er safnað á til áverkamats, skráningar, umönnunar og forgangsörðunar til flutnings. Þar fer einnig fram hleðsla og afhleðsla sjúkrabifreiða. Gefa þarf fyrirmæli um ákvörðunarstað og eftirlit í flutningi.

Staðsetning: Björgunarsveitarhús, neðri hæð

Verkbáttastjóri: Aðhlyningarstjóri

Hverjir sinna: Greiningarsveitir HSN
Greiningarsveit LHS
Greiningarsveit SAK
Rauði kross Íslands Þingeyjarsýsludeild
Sjúkraflokkar björgunarsveita
Áfallahjálp skv. ákvörðun samráðshóps

Verkefni og verkaskipting:

Áverkamat slasaðra	Greiningarsveit	
Skráning/talning þolenda við móttöku og brottför	Greiningarsveit / björgunarsveitir	
Forgangsörðun í flutningi frá SSS til sjúkrahúss	Stjórnandi, læknir	
Fyrirmæli um ákvörðunarstað og eftirlit í flutningi	Stjórnandi, læknir	
Umönnun og undirbúningur fyrir flutning	Sjúkraflutningslið / björgunarsveitir	
Afhleðsla og hleðsla sjúkrabifreiða á SSS	Björgunarsveitir	
Flutningur - grænir frá SSS	RKÍ / bj.sv.	
Innri starfssemi á græna svæðinu og upplýsingar til aðhlyningarstjóra		RKÍ

Kortatákn:

SSS



6.6 Söfnunarsvæði látinna (SSL)

Starfsemi: Staður þar sem líkum eða líkamshlutum er safnað, kennsl, skráning og skýrslugerð fer fram.

Staðsetning: Gamla Rækjuvinnslan

Verkþáttastjóri: Gæslustjóri

Hverjir sinna: Lögreglan
Læknir
Kennslanefnd ríkislögreglustjóra

Verkefni og verkaskipting

Uppsetning svæðisins og gæsla þess

Bera kennsl á látna

Skráning og skýrslugerð

Tryggja vinnuáðstöðu fyrir lækna

Úrskurða einstaklinga látna

Lögreglan


Kennslanefnd

Lögreglan / Kennslanefnd

Lögreglan

Læknir

Kortatákn:



6.7 Gæslustörf á vettvangi


<u>Starfsemi:</u>	Lokun svæða fyrir umferð, verndun vettvangs og gæsla eftir þörfum á starfssvæðum og biðsvæðum, skipulagning á umferðarstjórn, umsjón með SSL og talning.
<u>Verkbáttastjóri:</u>	Gæslustjóri
<u>Ytri lokun:</u>	Naustagil að norðan, suður að Garðarsbraut að Búðarárgili (sjá kort í kafla 10)
<u>Innri lokun:</u>	Eftir ákvörðun gæslustjóra
<u>Bílaumferð við höfn:</u>	Þar sem við á getur þurft að stýra umferð viðbragðsaðila á höfninni t.d. með tilliti til sjúkraflutninga. Beina óviðkomandi umferð á Húsavík á geymsluplön ferju á meðan þörf er á. Gert í samvinnu VST og framkvæmt af hafnarstarfsmönnum með keilum. Reyna skal eftir fremsta megni að hafa hringakstur.
<u>Hverjir sinna:</u>	Lögreglan Björgunarsveitir

Verkefni og verkaskipting

Uppsetning á innri lokun við slystað	Lögreglan/LHG
Verndun vettvangs vegna rannsóknar	Lögreglan/LHG
Skipulag á umferðastjórn og lokunum innan vallar	Lögreglan/Björgunarsveitir
Umsjón með söfnunarsvæði látinna	Lögreglan
Framkvæmd á gæslu einstakra starfssvæða	Lögreglan/LHG
Löggæsla og verndun á slysavettvangi	Lögreglan/LHG
Löggæsla og verndun á söfnunarsvæði	Lögreglan/Björgunarsveitir/LHG
Ytri lokanir	Lögreglan/Björgunarsveitir/LHG
Leiðbeina og stjórna umferð frá biðsvæði á slystað	Lögreglan /Björgunarsveitir/LHG

Kortatákn:

Innri lokun



Afmarkar þau svæði sem eru algjörlega lokuð öðrum en neyðarþjónustuaðilum.

Ytri lokun



Afmarkar umráða- og starfssvæði vettvangsstjórnar.

6.8 Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA)

Starfsemi: Staður þar sem aðstandendum er safnað saman til upplýsingagjafar, skráningar, sálræns stuðnings. Sameining aðstandenda og þeirra sem komust óslasaðir frá slysinu.

Staðsetning: Grunnskólinn


Ábyrgð: AST

Yfirmaður neyðarnefndar Rauða kross deildar stjórnar innri starfsemi á SSA í umboði AST og upplýsir AST um stöðu mála hverju sinni.

Hverjir sinna: Áfallateymi
Rauða kross deildir
Starfsmenn þjóðkirkju og annarra trúfélaga
Fulltrúi útgerðarfélag

Verkefni og verkaskipting

Upplýsingagjöf til aðstandenda	RKÍ / fulltrúi útgerðarfélag.
Skráning aðstandenda og tengsl við þolendur	RKÍ
Almennur sálrænn stuðningur	LSH / RKÍ / prestar
Sameining aðstandenda og lítið slasaðra	RKÍ
Aðstöðusköpun á SSA	RKÍ
Fyrirgreiðsla við erlenda ríkisborgara í samvinnu við	RKÍ/fulltrúiútgerðarfélag, utanríkisráðuneytið og / eða viðkomandi sendiráð / ræðismann

Kortatákn:

6.9 Fjöldahjálparstöð (FHS)

Starfsemi: Staður þar sem óslösuðum þolendum og aðstandendum er safnað saman til upplýsingagjafar, skráningar og áfallahjálpar. Sameining aðstandenda og þeirra sem komust óslasaðir frá slysinu.

Staðsetning: Borgarhólsskóli Húsavík

Ábyrgð: AST

Aðrir stjórnendur: Yfirmaður neyðarnefndar Rauða kross deildar stjórnar innri starfsemi á SSA í umboði AST og upplýsir AST um stöðu mála hverju sinni.

Hverjir sinna: Rauða kross deildir
Áfallateymi
Heilbrigðisstofnun
Starfsmenn þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga
Félagsþjónustan

Verkefni og verkaskipting

Almenn aðstoð við þolendur í kjölfar atburðar

RKÍ/prestar/

Almenn sálgæsla huggun og andleg uppörvun

RKÍ prestar

Sameining aðstandenda og lítið slasaðra

RKÍ

Fyrirgreiðsla við erlenda ríkisborgara í samvinnu við

RKÍ/fulltrúiútgerðarfélags,
utanríkisráðuneytið og / eða viðkomandi
sendiráð / ræðismann

Kortatákn:

FJÖ



6.10 Talning/Skráning

<u>Starfsemi:</u>	Talning og staðsetning þolenda í slysinu. Hafa yfirsýn um hvar þolendur eru á hverjum tíma. Gæslustjóri eða fulltrúi hans sjá um að taka saman tölur frá talningapóstum og upplýsa VST og AST um fjölda og staðsetningu.
<u>Staðsetning</u>	Talið við slysstað (bráðaflokkun), inn og út af söfnunarsvæðum (SSS OG SSL) Afrifa bráðaflokkunarspjalds skilin eftir þegar viðkomandi fer út af SSS.
<u>Verkbáttarstjóri:</u>	Gæslustjóri
<u>Hverjir sinna:</u>	Lögreglan Björgunarsveitir Rauði krossinn
<u>Kortatákn:</u>	TALNING

Á SLY

Þar fer fram bráðaflokkun og í því kerfi eru þolendur taldir eftir bráðaflokkun og gefur þetta fyrstu upplýsingar um ástand þolenda á slysstað. Björgunarstjóri kemur þessum upplýsingum til Gæslustjóra og/eða VST

Af SLY

Þar fer fram talning þeirra sem fluttir eru. Þetta gefur stöðuna á hvað margir eru á slysstað hverju sinni.

Á SSS

Þar er talið inn og út af svæðinu.

Á SSL

Þar fer fram skráning á látnum og líkamshlutum.

Af svæðinu

Þegar þolendur fara út af SSS (á sjúkrastofnanir eða önnur söfnunarsvæði utan VST) skilja þeir eftir afrifur greiningarspjalda. Talningamenn skráá afrifuna hvert viðkomandi verður fluttur.

Það er hlutverk VST í samvinnu við AST/SST að vinna úr skráningum og tryggja að vitað sé um alla sem í slysinu lentu þegar aðgerðum er lokið.

Talningablað – sjá viðauka í 13. kafla.

7.0 Stjórnkerfi utan hafnar

Inngangur

